



## Reglur um ráðningar í störf hjá Seyðisfjarðarkaupstað

Ráðningar forstöðumanna og stjórnenda eru í höndum bæjarráðs eða hafnarmálaráðs í umboði bæjarstjórnar sbr. heimild í 49. gr. samþykktar um stjórn Seyðisfjarðarkaupstaðar.

Bæjarráð getur leitað álits viðkomandi fastanefndar ef til álita kemur hæfi umsækjenda og ef margir sækja um sömu stöðu. Ef margir jafnhæfir sækja um sömu stöðu skal leitað álits hlutlauss aðila með sérþekkingu á ráðningarmálum. Lokaákvörðun liggur þó ætíð í höndum bæjarráðs/hafnarmálaráðs. Forstöðumenn og stjórnendur hafa með höndum ráðningar á starfsmönnum hver á sinni stofnun. Forstöðumenn skulu leita álits viðkomandi fastanefndar ef til álita kemur hæfi umsækjenda eða ef margir sækja um sömu stöðuna.

Forstöðumaður getur ef þurfa þykir og með samþykki bæjarráðs/hafnarmálaráðs, fengið álit hlutlauss aðila með sérþekkingu á ráðningarmálum til að meta hæfi umsækjenda. Endanleg ákvörðun er þó ætíð í höndum viðkomandi stjórnanda.

### Við ráðningu á starfsmönnum skal leitast við að fylgja eftirfarandi:

- Ráðningin skal vera í samræmi við lög og gildandi starfsmanna- og jafnréttisstefnu Seyðisfjarðarkaupstaðar.
- Meta skal menntun umsækjenda.
- Meta skal starfsreynslu umsækjenda.

### Við auglýsingar um störf skal taka eftirfarandi fram:

1. Um hvaða starf er að ræða.
2. Starfshlutfall og vinnutíma.
3. Menntunar- og hæfiskröfur.
4. Hvort um framtíðarstarf er að ræða.
5. Eftir hvaða kjarasamningum skuli farið.
6. Hvert skuli skila umsóknum um starfið og hvar sé hægt að nálgast umsóknareyðublöð.
7. Að umsóknum skuli skila skriflega.
8. Hver veitir upplýsingar um starfið.
9. Fyrir hvaða tíma skuli skila umsóknum. Æskilegur umsóknarfrestur er hið minnsta tvær vikur.

### Nánar:

Allar stöður skal auglýsa með áberandi hætti. Ef um er að ræða stöður þar sem er þörf á nýjum stjórnanda í millistjórnun ber að auglýsa stöðuna innan stofnunar. Ef um er að ræða hagræðingar innan stofnunar í skamman tíma, þrjá mánuði eða skemur eða ef um er að ræða tímabundna ráðningu, sex mánuði eða skemur þarf ekki að auglýsa stöðuna. Meginregla er sú að auglýsa allar stöður sem losna. Þó ber forstöðumönnum að gefa starfsmönnum kost á tilfærslum í starfi sbr. 23. gr. starfsmannastefnu kaupstaðarins þegar það getur átt við.

Ganga skal frá ráðningasamningum við alla starfsmenn sem hefja störf hjá Seyðisfjarðarkaupstað, hvort sem það er um lengri eða skemmri tíma. Skal það gert áður en viðkomandi hefur starfið. Ráðningarsamningum, starfslýsingu og öðrum gögnum viðkomandi ráðningar skal skila til launafulltrúa, afriti skal haldið eftir í viðkomandi stofnun og starfsmaðurinn fær eitt eintak.

Launafulltrúa er óheimilt að greiða laun til nýrra starfsmanna fyrir en ráðningasamningi viðkomandi hefur verið skilað til hans.



Reglur þessar um ráðningar í störf hjá Seyðisfjarðarkaupstað sem bæjarstjórn hefur samið og samþykkt taka gildi við staðfestingu bæjarstjórnar. Þær ber að endurskoða eigi sjaldnar en við upphaf hvers kjörtímabils.

Samþykkt af bæjarstjórn 14. júní 2017